

TILKYNNING

nr. 2/1999 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum sem hér segir frá og með 1. nóvember 1999 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,60 kr. á lítra
gasolía	0,70 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	1,00 kr. á kg
flugvélabensín	0,20 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttækið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 21. október 1999.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

11. október 1999

Nr. 700

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um notkun erlendra ökutækja, nr. 267 1. júlí 1993.

1. gr.

- Í stað 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. komi: Ökutækið skal og búið
- þjóðernismerki með þjóðernisbókstaf/stöfum að aftan í samræmi við ákvæði 20. gr. og viðauka 4 við Genfarsamninginn um umferð á vegum frá 19. september 1949 eða 37. gr. og viðauka 3 við Vínarsamninginn um umferð á vegum frá 8. nóvember 1968, og/eða
 - sömu þjóðernisbókstöfum á ökutæki frá ríki Evrópusambandsins sem komið er fyrir á vinstri hlið skráningarmerkisins í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2411/98.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2411/98 um viðurkenningu á þjóðernismerki skráningarlands bifreiða og bifhjóla og eftirvagna þeirra í umferð innan bandalagsins skulu gilda hér á landi með þeirri aðlögun sem leiðir af XIII. viðauka við EES samninginn, bókun I við samninginn og samningnum að öðru leyti.

3. gr.

6. gr., sbr. reglugerðir nr. 96/1996 og nr. 313/1999, orðist svo:
Reglugerð þessi er sett samkvæmt 66. gr. og 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af 8., 9. og 10. tölul. IX. viðauka við EES samninginn

(tilskipun 72/166/EBE með breytingum samkvæmt tilskipunum 72/430/EBE, 84/5/EBE og 90/232/EBE og ákvörðunum 91/323/EBE, 93/43/EBE, 97/828/EB og 99/103/EB) og 24. b tölul. XIII. viðauka við samninginn (reglugerð 98/2411/EB).

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 66. gr. og 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. október 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Miðhúsa, Hvolhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hvolhrepps, þann 7. október 1999, breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Miðhúsa, Hvolhreppi. Breytingin felst í því að lóðum er fjölgað úr fjórum í átta.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 13. október 1999.

F. h. sveitarstjórnar Hvolhrepps,
Ágúst Ingi Ólafsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Sorpeyðingu Eyjafjarðar.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorpeyðingu Eyjafjarðar, kt. 631293-2639. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. nóvember 2003.

Reykjavík, 19. október 1999.

Hollustuvernd ríkisins,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Davíð Egilsson
forstöðumaður.